


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS	EFRÆ1BV05	Námsáætlun haustönn 2015
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Kennari	Bragi S. Óskarsson	Sk.st.	BSÓ
----------------	--------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum fær nemandinn yfirsýn yfir helstu efni og efnisflokka sem notaðir eru við bygginga- og mannvirkjagerð ásamt leiðsögn við rétt efnisval eftir verkefnum, aðstæðum og umhverfi. Fjallað er um tré sem smíðaefni og uppbyggingu þess, plötuefni, festingar, steinsteypu, múr og múrefni, málma og bendistál, pípulagnaefni, plastefni, málningar- og spartlefni, fúgu- og þéttiefni, lím, einangrun, gler, þakefni, klæðningarefni, gólfefni og veggfóður. Gerð er grein fyrir uppruna efnanna, flokkun þeirra, merkingum, eiginleikum og hlutverki. Nemandinn kynnist viðfangsefnum og fagsviði húsasmiða, húsgagnasmiða, málara, múrara, pípulagningarmanna og dúklagningarmanna. Fjallað er um notkun helstu véla og verkfæra sem algengust eru í iðngreinum og farið yfir öryggismál.

Kennsla samanstendur af fyrirlestrum og verkefnavinnu þar sem nemendur afla sér upplýsinga með margvíslegu móti, t.d. með vinnustaðaheimsóknum og samtölum við fagaðila. Áfanginn er hluti af grunnnámi byggingagreina.

Áfangamarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:


- byggingaefnum og notkunarsviði þeirra
- flokkun byggingaefna og gæðum eftir tegundum
- sérstöðu og skörun verkþátta milli einstakra faggreina
- algengustu faghugtökum sem notuð eru innan hverrar fagstéttar
- mikilvægi fagmennsku og góðs handverks innan atvinnugreinanna
- mikilvægi samstarfs á milli fagstétta
- mikilvægi öryggismála

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- velja efni miðað við notkunargildi og aðstæður
- lesa flokkun efna (t.d. frá framleiðundum)
- greina hvaða efni má nota saman og hver ekki
- meðhöndla byggingaefni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- velja byggingaefni til notkunar fyrir mismunandi verkefni innanhúss og utan
- nýta faghugtök í samræðu
- afla sér frekari þekkingar um viðfangsefni áfangans

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS	EFRÆ1BV05 Námsáætlun haustönn 2015	
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

Námsgögn:

Efnisfræði byggingagreina, e. Jón Sigurjónsson. IÐNÚ 2005

Áætlun um yfirferð:

Vika		Verkefni
34	1 og 2	Grunnhugtök og jarðefni
35	3	Steinsteypa
36– 37	4	Timbur Hópavinna – efnisflokkun
37 – 39	5	Málmar
40	6	Plast Skyndipróf 1
41	7, 8 og 9	Efni úr plasti, múr og múrblöndur og bendistál
42	10	Einangrunarefni
43	11 og 12	Gler og píulagnir
44	13	Fúguefni
45	14	Þakefni
46	15 og 16	Útveggjaklæðningar og gólfefni Skyndipróf 2
47	17	Yfirborðsefni
48	18	Innanhúsklæðningar
49	<i>Upprifjun</i>	

Námsmat og vægi námsþátta:

Skriflegt lokapróf með vægi 60%.
Hópavinna tengd flokkun á viðartegundum 10%
Tvö skyndipróf með 10% vægi hvort, samtals 20%
Verkefni tengd vinnustaðaheimsóknum 10%

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils